



Verkefnisstjóri:
Agnes Arnardóttir

Ársskýrsla - 2018

Öll vötn til Dýrafjarðar

Inngangur

Öll vötn til Dýrafjarðar á Þingeyri er verkefni í samvinnu við Byggðastofnun undir verkefnaheitinu Brothættar byggðir. Brothættar byggðir er ein af aðgerðum Byggðaáætlunar 2014-2017. Verkefnið hófst sem tilraunaverkefni á Raufarhöfn árið 2012 með það í huga að leita lausna á bráðum vanda vegna fólksfækkunar og erfiðleika í atvinnulífi undangenginna ára. Næstu ár bættust nokkur byggðalög við og hefur verkefnið verið unni í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag, landshlutasamtök og atvinnuþróunarfélög. Markmiðið með verkefninu Brothættum byggðum er m.a. að fá fram skoðanir íbúana sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélag, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra.

Verkefnið Brothættar byggðir hefur verið fest í sessi með samningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið en þó skýrist það fyrst með fjárlögum hvers árs hvaða fjármunir eru til ráðstöfunar. Stjórnvöld hafa tekið þessari nýju aðferðafræði Byggðastofnunar af áhuga og jákvæðni. Verkefnið hefur verið kynnt mjög víða, bæði innan lands og utan.

Ítarleg verkefnislýsing var gerð fyrir verklagið í Brothættum byggðum, m.a. byggt á norsku fyrirmyndinni sem og mati á verkefninu, sem Ernst & Young gerði fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og hófst sú matsvinna haustið 2014 og lauk í ársbyrjun 2015. Verkefnislýsing og viðaukar hennar birtust á heimasíðu Byggðastofnunar vorið 2016 og var jafnframt kynnt á fundi með starfsfólki ráðuneytisins og fulltrúum stýrihóps Stjórnarráðsins.

Settar voru á fót verkefnisstjórnir fyrir hvert byggðarlag. Í þeim sitja fulltrúar Byggðastofnunar, viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélags og loks tveir fulltrúar íbúa. Aðferð verkefnisins byggist á að halda tveggja daga íbúafundur þar sem rædd er staða byggðarinnar og leiðir til úrlausna. Á íbúafundinu leggja íbúarnir sjálfir til umræðuefni og raða viðfangsefnum eftir mikilvægi. Framhald verkefnisins byggir á niðurstöðum íbúafundingsins og eru íbúar upplýstir um hvernig skilaboð þingsins eru höfð til hliðsjónar og málum fylgt eftir, t.d. með því að kynna áherslur íbúa fyrir ríkisvaldi og stofnunum. Stefnumótun með framtíðarsýn og markmiðum fyrir byggðarlagið byggir á niðurstöðum íbúafundings og stöðugreiningu fyrir byggðarlagið. Stefnumótunin er síðan kynnt á íbúafundi. Íbúafundir eru haldnir árlega til að fara yfir stöðu verkefnisins.

Verkefnið Öll vötn til Dýrafjarðar hófst með íbúafundi 10.-11. mars síðastliðin þar sem farið var yfir áherslur og óskir íbúana. Verkefnisstjórn var skipuð en í henni sitja fulltrúar frá Byggðastofnun, Ísafjarðarbæ, Vestfjarðarstofu og íbúum Þingeyrar alls 8 manns. Í kjölfar íbúafundingsins var farið í ráðningaferli til að ráða verkefnisstjóra og lauk því með ráðningu verkefnisstjóra frá 1. september 2018. Verkefnisstjóri hefur aðsetur á Þingeyri en er starfsmaður Vestfjarðarstofu. Verkefnið er hýst hjá Vestfjarðarstofu.

Í byrjun desember 2018 var haldinn annar íbúafundur verkefnisins. Á þann fund mættu rúmlega þrjátíu manns sem öll tóku virkan þátt í að skilgreina meginmarkmið, undirmarkmið og aðgerðaáætlun fyrir verkefnið til næstu þriggja ára. Verkefnistjóri lagði fram frumdrög að þessari markmiðasetningu sem síðan íbúafundurinn vann áfram með þeim áherslum sem íbúarnir töldu hvað mikilvægastar fyrir framgang verkefnisins og framtíð Þingeyrar og samfélagsins á Þingeyri. Hér fyrir neðan verða þessi markmið aðeins kynnt en skýrsluna í heild sinni má finna bæði á vef Vestfjarðarstofu og vef Byggðastofnunar.

Verkefnisstjórn

Í verkefnisstjórn hvers verkefnis Brothættra byggða sitja fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa. Mismunandi er eftir verkefnum hvaða stofnun hýsir starf verkefnisstjóra og í verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar er staðan vistuð hjá Vestfjarðarstofu.

Verkefnisstjóri er Agnes Arnardóttir.

Í verkefnisstjórn verkefnisins Öll vötn til Dýrafjarðar sitja eftirfarandi aðilar:

- Aðalsteinn Óskarsson, Fjórðungssamband Vestfirðinga.
- Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ.
- Erna Höskuldsdóttir, fulltrúi íbúa.
- Eva Pandora Baldursdóttir, Byggðastofnun.
- Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun
- Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, Vestfjarðarstofu.
- Wouter Van Hoeymissen, fulltrúi íbúa.
- Arnar Sigurðsson, fulltrúi íbúa.

Markmið

Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggja á sérstöðu þeirra. Brothættar byggðir er sértæk aðgerð fyrir smærri byggðakjarna og sveitir landsins, sem á tíðum eru aðilar sem vegna smæðar sinnar hafa ekki geta nýtt sér önnur úrræði ríkis og sveitarfélaga til stuðnings byggðaþróunar- og

samfélagsuppbyggingar. Með þessu samstarfi taka ríki, sveitarfélag, stoðkerfi og íbúar höndum saman um eflingu byggðarlagsins. Ekki er meiningin að búa til nýtt lag ofan á stoðkerfið, heldur vettvangur þar sem leiddir eru saman kraftar og mynduð einskonar „sérsvéit“. Sérstaða verkefnisins er fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða.

Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.

Undirmerkið Brothættra byggða eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsröðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Í hverju byggðarlagi er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn skilgreini svohljóðandi loforð til íbúa: „Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu. Verkefnisstjórnin mun leggja niðurstöður stefnumótunar og verkefnisáætlun fram til umfjöllunar hjá aðilum verkefnisins og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, til að tryggja samstöðu um verkefnið. Enn fremur að koma niðurstöðunum á framfæri við stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun viðkomandi byggðarlags til að stuðla að því að ákvarðanir þessara aðila taki mið af áherslum íbúana.“

Markmið fyrir þingeyri

Á fyrsta íbúáþinginu sem haldið var á Þingeyri kom fram hverjar áherslur og markmið verkefnisins á Þingeyri ættu að vera að mati íbúana. Í kjölfar fundarins var útbúin greinargerð eða skýrsla þar sem fjögur meginmarkmið voru sett fram og þeim síðan skipt niður í undirmerkið og aðgerðaáætlun fyrir hvert meginmarkmiðana. Á íbúafundi númer tvö sem

haldin var 6. desember 2018 lagði verkefnisstjóri fram frumdrög að þessari markmiðasetningu og aðgerðaráætlun sem fundurinn vann svo áfram. Þetta var vel sóttur íbúafundur, um þrjátíu manns tóku virkan þátt í fundinum. Þar kom skýrt fram hverjar áherslur íbúana voru, hvað þau töldu vera mikilvægast að byrja á og hver forgangs röðunin ætti að vera. Margt af því snerti beint Ísafjarðarbæ og hlutverki sveitafélagsins gagnvart Þingeyri. Margir töldu að Ísafjarðarbær gæti gert betur og í kjölfarið af þessum íbúafundi var ákveðið að verkefnisstjóri verkefnisins ætti mánaðarlega fundi með bæjarstjóra og bæjarritara þar sem verkefninu yrði fylgt eftir. Tiltekið var hver bæri ábyrgð á hverju undirmarkmiði og aðgerðaáætlun og hver ætti að leiða viðkomandi aðgerðaáætlun. Lög var áhersla á að þau verkefni sem hlytu verkefnastyrki vegna verkefnisins ættu að endurspeglar aðgerðaáætlunina sem fundurinn samþykkt.

Íbúafundurinn valdi fjögur meginmarkmið þar sem hvert þeirra hafði mismörg undirmarkmið og aðgerðaáætlun í kjölfar þeirra. Alls voru þetta 45 atriði sem íbúafundurinn taldi að mikilvægt væri að vinna að til eflingar Þingeyri og samfélaginu þar. Næsi fundur verður haldinn fljótlega í byrjun árs 2019 þar sem farið verður yfir hvernig til hafi tekist og hvort eitthvað af þessum markmiðum væru raunhæf og framkvæmleg í ljósi tímans sem verkefninu er ætlað að spanna.

Meginmarkmiðin fjögur eru eftirfarandi:

- Fjölskylduvænt samfélag
- Skapandi samfélag
- Umhverfisvæn útivistarparadís
- Framúrskarandi útvörður Ísafjarðarbæjar

Þessi meginmarkmið skiptust síðan niður í mismörg undirmarkmið og aðgerðaáætlanir.

Fyrsta meginmarkmiðið – **Fjölskylduvænt samfélag** skiptist niður í 11 undirmarkmið og aðgerðaáætlanir. Þarna voru helstu áherslur þættir þjónusta við íbúana, hvernig hægt væri að laða að fleiri fjölskyldur til Þingeyrar og auka lífsgæði íbúana.

Annað meginmarkmiðið – **Skapandi samfélag** skiptist niður í 13 undirmarkmið og aðgerðaáætlanir. Þarna voru helstu áherslur þættir atvinnuuppbygging og fjölbreytt skapandi atvinnulíf. Fjölgun starfa og uppbygging innviða.

Þriðja meginmarkmiðið – **Umhverfisvæn útivistarparadís** skiptist niður í 15 undirmarkmið og aðgerðaáætlanir. Þarna voru helstu áherslur þættir aðgengi að útivist, merkingar gönguleiða, aukin afþreying bæði fyrir heimafólk og ferðamenn. Viðhald eigna og snyrtilegt umhverfi.

Fjórtða meginmarkmiðið – **Framúrskarandi útvörður Ísafjarðarbæjar** skiptist niður í 6 meginmarkmið og aðgerðaáætlanir. Þarna voru helstu áherslur þættir samgöngur, fjarskipti og hvernig opnun Dýrafjarðargangna gæti nýst Þingeyri og Þingeyringum sem best. Opnun

gangnanna gæti breytt miklu fyrir Þingeyri þar sem að með þeim væri Þingeyri orðin mjög miðsvæðis á Vestfjörðum. Nauðsynlegt að vera vel undirbúin og nýta þetta tækifæri vel.

Nánar má sjá öll þessi undirmarkmið og aðgerðaáætlanir í skýrslu verkefnisins Öll vötn til Dýrafjarðar á vef Vestfjarðastofu og vef Byggðastofnunar.

Framtíðarsýn

Á íbúafundinum 6. desember 2018 var framtíðarsýn íbúana á Þingeyri sett fram í stuttum og hnitmiðuðum texta sem segir allt sem segja þarf:

„Þingeyri er eftirsóknarverður staður til að búa á með fjölbreytt tækifæri til atvinnu- og menningarlífs. Staður sem gott og gaman er að sækja heim. Þingeyri er áberandi snyrtilegt þorp í fallegu og tiltölulega víðlendu byggðarlagi í hjarta Vestfjarða. Umhverfisvitund og samkennd auðkennir samfélagið við Dýrafjörð, en einnig mikill sköpunarkraftur og fjölbreytt tækifæri til áhugamála. Íbúum hefur tekist að nýta sér nýjustu tækni til framfara og sóknar sem byggja á fjölbreytni. Þingeyri er fyrirmyndar útvörður í fjölkjarna sveitarfélagi þar sem sátt ríkir um þjónustu, svo og þátttöku og framlag íbúa til málefna sveitarfélagsins. Í Dýrafirði býr fólk sem kann að nýta orku fjallanna, er þakklátt og gerir sér grein fyrir eigin hamingju. Fólkið er duglegt og er skynsamlegt hvað varðar jafnvægi milli vinnu og einkalífs“.

Niðurlag

Árið 2018 var fyrsta ár verkefnisins en það fór samt sem áður ekki af stað af fullum krafti fyrr en í september. Verkefnisstjóri var ráðinn 1. september og með því hófst hin eiginlega vinna við verkefnið. Verkefnið fór vel af stað, haldið var eitt stórt íbúafundur og einn íbúafundur þar sem íbúarnir komu á framfæri óskum sínum og framtíðarsýn. Hvað þeir vildi fá út úr verkefninu og til hvers það ætti að leiða. Íbúarnir voru virkir þátttakendur í báðum þessum fundum. Eftir báða fundina liggja skýrslur og framkvæmdaáætlun með áherslum íbúana.

Í lok desember voru auglýstir verkefnastyrkir með umsóknarfest í janúar 2019. Styrkfjárhæðin fyrir árið 2018 var 7 milljónir króna. Var þetta gert til þess að hægt væri að nýta þá styrkfjárhæð sem verkefnið fékk til umráða fyrir árið 2018 og ekki hægt að byrja að úthluta fyrr en árið 2019. Ástæða þess hefur þegar komið fram og er það aðallega hversu seint á árinu verkefnið fór af stað af fullum krafti. Verkefnisstjóri og íbúar á Þingeyri byggja miklar vonir við verkefnið og hlakka til að vinna áfram að því. Markmiðin eru mörg og metnaðarfullt sem sýnir vel þann kraft sem býr í íbúum Þingeyrar og vilja þeirra til að efla sitt samfélag.

Ársskýrsluna ritaði verkefnisstjóri

Agnes Arnardóttir